

**3. gr.**

Leiðsögumanni ber greiðsla alls eðlilegs og sannanlegs kostnaðar fyrir flutning sinn milli skips og lands, og ferðakostnaðar frá leiðsöguhöfn í veg fyrir skipið, eða frá því til leiðsögunafnar. Hér með teljast laun á ferðalögum og ef leiðsögumaður bíður skipsins eftir ákveðinn komu- eða burtfarartíma þess. Skal það á sama hátt vera greitt með kr. 2 500 pr. klst., þó aldrei meira en 8 klst. á sólarhring (frá 0.00— 24.00).

**4. gr.**

Vetrargjaldskrá gildir á tímabilinu frá 1. október til 31. mars, og skal vera  $\frac{1}{3}$  hærri samkvæmt 1. grein, en óbreytt varðandi 2. og 3. grein.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 48 19. júní 1933, um leiðsögu skipa, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir leiðsögu við Ísland nr. 221. 8. maí 1979.

*Samgönguráðuneytið, 6. mars 1980.*

**Steingrímur Hermannsson.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*

**REGLUGERÐ**

**um greiðslur sjúkratryggðra á sérfræðilæknishjálpi,  
rannsóknum og röntgengreiningu.**

**1. gr.**

Greiðslur samlagsmanna fyrir sérfræðilæknishjálpi, rannsóknir og röntgengreiningu, sem um ræðir í 43. gr. laga nr. 67/1971, skal vera sem hér segir:

1. Samlagsmaður skal greiða kr. 2 700 fyrir hverja komu til sérfræðings.
2. Samlagsmaður skal greiða fyrstu 2 700 kr. hvernar rannsóknar hjá rannsóknastofu eða sérfræðingi.
3. Samlagsmaður skal greiða fyrstu 2 700 kr. af kostnaði við hverja röntgengreiningu.

Ellis- og örorkulífeyrisþegar skulu greiða hálf gjald þ. e. a. s. kr. 1 350 í hvert skipti.

**2. gr.**

Allar greiðslur, sem um getur í 1. gr., skulu dragast frá umsömdu eða ákveðnu heildarverði á læknishjálpi, rannsóknum og röntgengreiningu, þegar reikningur er gerður til sjúkrasamlags fyrir þessa þætti.

**3. gr.**

Reglugerð þessi er sett með heimild í 43. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar til að öðlast gildi 1. apríl 1980. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 162/1979 með sama heiti.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 24. mars 1980.*

**Svarar Gestsson.**

*Páll Sigurðsson.*